

Stjórnarfundur 13 þriðjudaginn 3. maí 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, Árni Jón Eggertsson, Kristján Geir Guðmundsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson í síma.

Afboð og mættu ekki: Stefán Jóhannesson, Brynja María Ólafsdóttir.

Dagskrá

- **Mótið í maí**
- **Fjármál v/mótsins**
- **Ársþing BLÍ**
- **Næsta keppnistímabil**
- **Önnur mál**

Fundargerð

Mótið í maí

Undirbúningur gengur vel og er í höndum Grétars Eggertssonar og nefndar sem hefur unnið undanfarna mánuði að skipulagningu. Framkvæmdastjóri BLÍ er í nefndinni og vinnur mikið í tengslum við mótið ásamt því að sinna öðrum verkefnum.

Fjármál v/mótsins

Það er ljóst að tap verður á mótinu, hversu mikið er ekki vitað. Erfiðlega gengur að safna styrkjum og auglýsendur hafa ekki fengist til að auglýsa. Tekin var ákvörðun um að fá Sporttv til að sýna frá leikjunum í samstarfi við Laolatv á netinu.

Ársþing BLÍ

Nokkur umræða var um ársþing BLÍ á tveggja ára fresti og ekki samstaða innan stjórnar með það. Rætt var um hverjir væru að klára sitt tímabil meðal stjórnarmanna, Kristján Geir hefur ákveðið að hætta í stjórn og síðan er Stefán að ljúka tímabilinu en stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn. Umræða var um upptöku iðkendagjalds til félaganna. Með því verði skráning skilvirkari og tekjur til sambandsins aukast. Rætt sérstaklega um í því samhengi að efla þannig þjónustuna við félögin með því að fjölga starfsfólki, eða bæta við a.m.k. einu hlutastöðugildi. Að lokum var ákveðið að fresta ársþingi BLÍ fram á haust.

Næsta keppnistímabil

Mótanefnd BLÍ mun senda út beiðni um þátttökutilkynningar fyrir en áður og ætti að verða orðið ljóst fyrir 1. júní hvernig deildakeppnin verður á næsta keppnistímabili.

Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd

Fundi slitið klukkan 18:30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.